

L Ö G

41

4. apríl

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 70% álagi. Framlag rikissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 10 9. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

L Ö G

42

4. apríl

um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi átta farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma þrjá til átta farþega. Til áætlunarferða teljast í lögum þessum allar auglýstar ferðir og allar ferðir, þar sem farþegum eru seld einstök sæti í bifreiðunum á ákveðinni leið. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að átta farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutningum.